

Veðskuldabréfasjóður ÍV hs.
Sérhæfður sjóður
Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um fjárfestingar	9
Skýringar	11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuldabréfasjóður ÍV er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Rekstur sjóðsins er í höndum Íslenskra verðbréfa hf.

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV - sérhæfðs sjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á árinu 2025 að fjárhæð 134,5 millj. kr. Bókfært eigið fé sjóðsins í árslok nam 1.865,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans miðað við 31. desember 2025 og breytingum á handbæru fé á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2026

Ársreikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra. Rafrænar undirritanir má finna á öftustu síðu skjalsins.

Í stjórn Íslenskra verðbréfa hf.:

Andri Guðmundsson, stjórnarformaður
Kolbeinn Friðriksson, meðstjórnandi
Ragnheiður Þorkelsdóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.:

Arnór Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildaskírteina í Veðskuldabréfasjóði ÍV hs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Veðskuldabréfasjóðs hs. („sjóðurinn“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2025 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðislegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi sjóðsins þann 27. mars 2025 og höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningum í heild og ákvörðun um álit okkar á honum.

Það er okkar niðurstaða að það eru engir lykilþættir til að upplýsa um í áritun okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt sem hluta af endurskoðun okkar á ársreikningnum.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekkert að upplýsa hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Mármið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Matthías Þór Óskarsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 24. apríl 2026

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarreikningur			
Tekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		298.275	334.416
Aðrar tekjur		2.924	7.567
	Heildartekjur	<u>301.198</u>	<u>341.983</u>
Gjöld			
Umsýslubóknun rekstrarfélags		15.619	15.996
Vörslubóknun		462	2.412
Aðrar bóknanir		0	7
Vaxtagjöld og verðbætur		157.878	186.176
Önnur gjöld og kostnaður		5.098	2.399
	Heildargjöld	<u>179.056</u>	<u>206.990</u>
Gengisbreyting eigna, hagnaður (tap)		12.393	9.474
Hagnaður ársins af rekstri		<u>134.535</u>	<u>144.468</u>
Yfirlit um breytingu á hreinni eign			
Hrein eign í ársbyrjun		<u>1.731.227</u>	<u>1.586.759</u>
Hagnaður ársins af rekstri		<u>134.535</u>	<u>144.468</u>
Hrein eign í árslok	3	<u>1.865.762</u>	<u>1.731.227</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Fjárfestingar			
Framseljanleg verðbréf		3.479.227	3.596.885
Hlutdeildarskírteini		182.973	191.220
Verðbréf samtals		<u>3.662.199</u>	<u>3.788.105</u>
Aðrar eignir			
Innlán hjá lánastofnunum		14.833	278.158
Aðrar eignir		13.693	13.585
Aðrar eignir samtals		<u>28.526</u>	<u>291.743</u>
Eignir samtals		<u><u>3.690.726</u></u>	<u><u>4.079.847</u></u>
Skuldir			
Útgefin skuldabréf	4	1.823.310	2.346.821
Skuld við rekstrarfélag		1.653	1.451
Skuld við vörslufyrirtæki		0	200
Aðrar skuldir		0	148
Skuldir samtals		<u><u>1.824.963</u></u>	<u><u>2.348.620</u></u>
Hrein eign	3	1.865.762	1.731.227
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		805.800	805.800
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok		<u>2,32</u>	<u>2,15</u>

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2025

Veðskuldabréfasjóður ÍV	31.12.2025		31.12.2024	
	Bókfært- verð	%	Bókfært- verð	%
Óskráð skuldabréfaeign				
Útgefandi 1	510.667	13,8%	531.798	13,0%
Útgefandi 2	422.200	11,4%	420.652	10,3%
Útgefandi 3	416.140	11,3%	415.969	10,2%
Útgefandi 4	412.778	11,2%	408.582	10,0%
Útgefandi 5	311.519	8,4%	314.071	7,7%
Útgefandi 6	219.242	5,9%	217.989	5,3%
Útgefandi 7	134.172	3,6%	132.328	3,2%
Útgefandi 8	125.679	3,4%	126.025	3,1%
Útgefandi 9	114.056	3,1%	114.427	2,8%
Útgefandi 10	113.241	3,1%	114.006	2,8%
Útgefandi 11	113.467	3,1%	95.571	2,3%
Útgefandi 12	105.867	2,9%	105.082	2,6%
Útgefandi 13	100.506	2,7%	100.002	2,5%
Útgefandi 14	75.129	2,0%	75.335	1,8%
Útgefandi 15	58.030	1,6%	58.603	1,4%
Útgefandi 16	52.384	1,4%	53.792	1,3%
Útgefandi 17	30.555	0,8%	53.321	1,3%
Útgefandi 18	30.208	0,8%	29.905	0,7%
Útgefandi 19	28.969	0,8%	29.294	0,7%
Útgefandi 20	27.602	0,7%	28.055	0,7%
Útgefandi 21	25.707	0,7%	25.406	0,6%
Útgefandi 22	20.572	0,6%	20.768	0,5%
Útgefandi 23	17.106	0,5%	17.180	0,4%
Útgefandi 24	11.470	0,3%	11.497	0,3%
Útgefandi 25	1.958	0,1%	97.227	2,4%
Framseljanleg verðbréf, samtals	3.479.227	94,3%	3.596.885	88,2%
Hlutdeildarskírteini				
ÍV Skammtímasjóður	182.973	5,0%	191.220	4,7%
	182.973	5,0%	191.220	4,7%
Heildarverðmæti verðbréfa	3.662.199	99,2%	3.788.105	92,8%
Reiðufé	14.833	0,4%	278.158	6,8%
Aðrar eignir	13.693	0,4%	13.585	0,3%
Heildareignir	3.690.726	100,0%	4.079.847	100,0%

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum ef frá eru talin hlutdeildarskírteini sem færð eru á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðurinn er rekinn af Íslenskum verðbréfum hf.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2026. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

c. Umsýslubóknun

Sjóðurinn greiðir Íslenskum verðbréfum hf. 0,4% umsýslubóknun sem innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðsins. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af heildareignum sjóðsins.

Sjóðurinn greiðir auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu.

d. Fjárfestingar

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eru metin á útgefnu kaupgengi sem gildi í lok desember 2025.

e. Framseljanleg verðbréf - verðtryggð skuldabréf með veði í fasteign

Sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum með veði í fasteignum. Í bókhaldi sjóðsins eru veðskuldabréfin uppreiknuð miðað við neysliverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

f. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

g. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinunum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Skýringar frh.:

3. Hlutdeildarskírteini

Nafn- og raunávöxtun Veðskuldabréfasjóðs ÍV í árslok 2025.

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2024
Nafnávöxtun				
Veðskuldabréfasjóður ÍV	1,39%	3,09%	7,72%	9,38%
Raunávöxtun				
Veðskuldabréfasjóður ÍV	1,30%	1,96%	3,87%	4,40%
Yfirlit um bókfært verðmæti		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2023
Veðskuldabréfasjóður ÍV		1.865.762	1.731.227	1.586.759
Yfirlit um gengi hlutdeildarskírteina.		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2023
Veðskuldabréfasjóður ÍV		2,32	2,15	1,97
Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.				

	Eign 31.12.2025 %	Eign 31.12.2024 %	Breyting
Veðskuldabréfasjóður ÍV			
Skuldabréf stór Reykjavíkursvæði	75	66	9
Skuldabréf utan stór Reykjavíkursvæði	19	22	-3
Einstakur útgefandi	15	13	2
Einstök útgáfa	14	13	1
Reiðufé og lausafjársgóðir	5	7	-2

Sundurliðun fjárfestinga sjóðs og hlutfallsleg skipting:

Veðskuldabréfasjóður ÍV	kr.	%
Framseljanleg skuldabréf.....	3.479.227	94
Hlutdeildarskírteini	182.973	5
Reiðufé	14.833	0
Aðrar eignir	13.693	0
Heildareignir	<u>3.690.726</u>	<u>100</u>

4. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur meðal annars út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysliverðsvisitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum. Gjaldtagi höfuðstóls bréfanna er 1. maí 2044.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:	Bókfært verð 31.12.2025	Bókfært verð 31.12.2024
Verðtryggð lán	1.823.310	2.346.821

5. Fjárfestingartímabil sjóðsins

Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk þann 26. febrúar 2017. Eins og reglur sjóðsins tilgreina hafa ekki verið teknar ákvarðanir um nýjar fjárfestingar eftir það.